LISTVINAFÉLAG HALLGRÍMSKIRKJU 36. STARFSÁR
HALLGRÍMSKIRKJA FRIENDS OF THE ARTS SOCIETY 36TH SEASON



Menningarnótt í Reykjavík 2018 - Reykjavik Cultural Night

# SÁLMAFOSS
# Í HALLGRÍMSKIRKJU

## FEAST OF HYMNS - HALLGRIMSKIRKJA

18. ágúst kl. 15-21 - August 18th 3-9 PM

Menningarnótt í Reykjavík 2018 - Reykjavik Cultural Night

# SÁLMAFOSS
# í HALLGRÍMSKIRKJU

## FEAST OF HYMNS - HALLGRIMSKIRKJA





# VELKOMIN

## WELCOME

Hallgrímskirkja ómar af tónlist alla daga ársins, í messum og á tónleikum, en einnig þegar organistar og kórar eru að æfa fyrir hinn mikla fjölda athafna sem fram fara í þessum fagra helgidómi. Á árlegum Sálmafossi á Menningarnótt streyma þúsundir gesta í kirkjuna til að upplifa sálmasöng, kórsöng, einsöng og hrífandi tóna Klaisorgelsins, bæði í einleik og samleik. "Fossinn" streymir samfellt í sex klukkutíma, gestum er velkomið að koma og fara að vild.

Á heila tímanum sameinast allir í sálmasöng með orgelinu.

"Sálmafoss" byrjaði að streyma á Menningarnótt í Reykjavík á Kirkjulistahátíð árið 2007. Markmiðið var að setja sálminn í sviðsljósið, að kalla fram og kynna nýja sálma og að leyfa kirkjugestum að fá að syngja með kórum og stóra orgelinu Hallgrímskirkju. Annaðhvert ár hafa nýir sálmar verið frumfluttir, sálmar sem Tónmenntasjóður kirkjunnar hefur pantað frá íslenskum skáldum og tónskáldum. Í dag eru sálmarnir sem frumfluttir hafa verið á Sálmafossi orðnir á fjórða tug.

Sálmafossinn í ár hefst klukkan 15.00 með söng á nýlegum sálmum eftir skáldið Aðalstein Ásberg Sigurðsson og tónlistarmanninn Sigurð Flosason. Kirkjugestir fá að spreyta sig á þremur gullfallegum sálmum, áður en Schola cantorum og Sigurður stilla saman saxófón og raddir í flutningi valinna sálma úr "sálmabók" þeirra félaga sem nefnist Sálmar á nýrri öld. Síðan flæðir tónlistarfossinn samfellt til klukkan 21.00. Auk Schola cantorum koma fram kórarnir Söngsveitin Fílharmónía undir stjórn Magnúsar Ragnarssonar og Mótettukór Hallgrímskirkju undir stjórn Harðar Áskelssonar, Bergljót Arnalds söngkona, tónlistarhópurinn Umbra, tvíeykið Guðmundur Vignir Karlsson raftónlistarmaður og Tómas Manoury sem leikur á saxófón, sálmaspunadúóið Sigurður Flosason og orgelleikarinn Gunnar Gunnarsson, altsöngkonan Hildigunnar Einarsdóttir og orgelleikararnir Björn Steinar Sólbergsson, Lára Bryndís Eggertsdóttir og Hanfried Lucke konsertorganisti frá Salzburg.

Nýuppgert klukkuspil Hallgrímskirkju blandast inn í sálmafossinn 5 mínútur fyrir hvern heilan tíma. Aðgangur að sálmafossi er ókeypis, allir eru velkomnir!

Kynnar eru dr. Sigurður Árni Þórðarson sóknarprestur Hallgrímskirkju og Inga Harðardóttir æskulýðsfulltrúi í Hallgrímskirkju. Listrænn stjórnandi og ábyrgðarmaður Sálmafoss er Hörður Áskelsson kantor Hallgrímskirkju.

Listvinafélag Hallgrímskirkju þakkar þeim stóra hóp tónlistarfólks og aðstoðarfólks, sem leggur þessari dagskrá lið sitt.

Hörður Áskelsson

**Stjórn Listvinafélags Hallgrímskirkju:**

Hörður Áskelsson listrænn stjórnandi, Sigurður Sævarsson formaður, Rósa Gísladóttir, Katrín Sverrisdóttir, Sveinn Yngvi Egilson og Ævar Kjartansson. Varastjórn Benedikt Ingólfsson og Þórhallur Vilhjálmsson. Fullrúar Hallgrímskirkju: Jóhannes Pálmason, Björn Steinar Sólbergsson, Sigurður Árni Þórðarson og Irma Sjöfn Óskarsdóttir. Framkvæmdastjóri: Inga Rós Ingólfsdóttir.

**Þakkir fá / Thanks to:**

Hallgrímskirkja, Reykjavíkurborg, Hafsteinn Sv. Hafsteinsson, Erla Elín Hansdóttir, Kristján E. Gunnarsson og allir aðstandendur og flytjendur á Sálmafossi.

# DAGSKRÁ

**Kynnar: Dr. Sigurður Árni Þórðarson sóknarprestur Hallgrímkirkju, og Inga Harðardóttir, æskulýðsfulltrúi Hallgrímskirkju.**

**15.00 Sálmasöngur - samsöngur**

**15.10 Sálmar á nýrri öld - Kammerkórinn Schola cantorum undir stjórn Harðar Áskelssonar og Sigurður Flosason tónskáld og saxófónleikari kynna og flytja nýja sálma eftir Sigurð og Aðalstein Ásberg Sigurðsson skáld. Sigurður rammar inn flutninginn með spjalli og spuna á saxófón.**

**15.55 Klukkuspil Hallgrímskirkju. Sálmar óma á "Menningarnótt".**

**16.00 Sálmasöngur - samsöngur**

**16.10 Söngsveitin Fílharmónía flytur fjölbreytta kórtónlist undir stjórn Magnúsar Ragnarssonar.**

**16.40 Lára Bryndís Eggertsdóttir leikur sálmforleiki á Klais-orgelið.**

**16.55 Klukkuspil Hallgrímskirkju. Sálmar óma á "Menningarnótt".**

**17.00 Sálmasöngur -samsöngur**

**17.10 Mótettukór Hallgrímskirkju syngur sálmaútsetningar og mótettur undir stjórn Harðar Áskelssonar. Bergljót Arnalds syngur Heyr, himna smiður með kórnum.**

**17.30 Hannfried Lucke, konsertorganisti frá Salzburg, leikur á Klaisorgelið**

**17.55 Klukkuspil Hallgrímskirkju. Sálmar óma á "Menningarnótt".**

**18.00 Sálmasöngur - samsöngur**

**18.10 Umbra, flytur maríusöngva frá miðöldum, antifón eftir Hildegard von Bingen og veraldlega og trúarlega þjóðsöngva. Hópinn skipa þær Alexandra Kjeld, Arngerður María Árnadóttir, Lilja Dögg Gunnarsdóttir og Sigrún Harðardóttir.**

**18.35 Björn Steinar Sólbergsson organisti Hallgrímskirkju flytur fjölbreytta orgeltónlist.**

**18.55 Klukkuspil Hallgrímskirkju. Sálmar óma á "Menningarnótt".**

**19.00 Sálmasöngur - samsöngur**

**19.10 Hildigunnur Einarsdóttir altsöngkona og Björn Steinar Sólbergsson flytja sálma og aríur eftir Bach o. fl.**

**19.30 Sálmaspuni. Sigurður Flosason saxófónleikari og Gunnar Gunnarsson orgelleikari spinna út frá þekktum sálmum.**

**19.55 Klukkuspil Hallgrímskirkju. Sálmar óma á "Menningarnótt".**

**20.00 ManKan rafspunadúett. Guðmundur Vignir Karlsson og Tómas Manoury. Rafspunadúettinn ManKan tengist midi-búnaði Klaisorgelsins.**

**20.30 Orgelspuni og sálmforleikir. Hannfried Lucke konsertorganisti frá Salzburg kemur sálmafossgestum á óvart með fjölbreyttri túlkun á Klaisorgelið**

**21.00 Klukkuspil Hallgrímskirkju ómar út í nóttina.**

# PROGRAM

**Presented by Dr. Sigurður Árni Þórðarson pastor of Hallgrímkirkja, and Inga Harðardóttir, youthworker.**

**3 pm Sing-a-long with the Klais organ!**

**3.10 pm Hymns of a new age. The chamber choir Schola cantorum, conducted by Hörður Áskelsson and saxophone player and composer Sigurður Flosason present and perform new hymns by Flosason and poet Aðalsteinn Ásberg Sigurðsson. Flosason frames the performance with improvisation on the saxophone.**

**3.55 pm Hallgrímskirkja's carillon chimes. Hymns resound on „Cultural night.**

**4 pm Sing-a-long with the Klais organ!**

**4.10 pm The Icelandic Filharmonia Choir sings a programme with various music, conducted by Margnús Ragnarsson.**

**4.40 pm Lára Bryndís Eggertsdóttir plays chorale preludes on the Klais organ.**

**4.55 pm Hallgrímskirkja's carillon chimes. Hymns resound on „Cultural night.**

**5 pm Sing-a-long with the Klais organ!**

**5.10 pm The Hallgrímskirkja Motet Choir sings hymn arrangements and motets conducted by Hörður Áskelsson. Bergljót Arnalds sings Heyr, himna smiður with the choir.**

**5.30 pm Hannfried Lucke, concert organist from Salzburg, performs on the Klais organ.**

**5.55 pm Hallgrímskirkja's carillon chimes. Hymns resound on „Cultural night.**

**6 pm Sing-a-long with the Klais organ!**

**6.10 pm Umbra performs Maria hymns from the middle ages, an antiphon by Hildegard von Bingen and secular and sacred traditionals. Umbra's members are Alexandra Kjeld, Arngerður María Árnadóttir, Lilja Dögg Gunnarsdóttir and Sigrún Harðardóttir.**

**6.35 pm Björn Steinar Sólbergsson organist at Hallgrímskirkja plays various organ music.**

**6.55 pm Hallgrímskirkja's carillon chimes. Hymns resound on „Cultural night.**

**7 pm Sing-a-long with the Klais organ!**

**7.10 pm Hildigunnur Einarsdóttir alto and organist Björn Steinar Sólbergsson perform hymns and arias by Bach and others.**

**7.30 pm Improvisation and hymns. Saxophone player Sigurður Flosason and organist Gunnar Gunnarsson play jazzy arrangements of some well-known hymns.**

**7.55pm Hallgrímskirkja's carillon chimes. Hymns resound on „Cultural night.**

**8 pm ManKan Duet and Midi-Klais. Guðmundur Vignir Karlsson and Tómas Manoury improvise connected to the Midi control system of the Klais organ.**

**8.30 pm Organ improvisation and chorale preludes. Hannfried Lucke concert organist from Salzburg surprizes the audience with various interpretation on the Klais organ.**

**9 pm Hallgrímskirkja's carillon chimes out in to the night.**

# Allt sem Guð hefur gefið mér

- Lifandi Guð -




1. Allt sem Guð hefur gefið mér, / gróður jarðar, sólarsýn,
heiðan og víðan himininn, / af hjarta ég þakka og bið:
*Lifandi Guð, lifandi Guð, / láttu mig finna þig.*

2. Allt sem Guð hefur að mér rétt / á sinn tíma, ræður för.
Stríðandi öflin steðja að / og stundum ég efast og bið:
*Lifandi Guð, lifandi Guð, / láttu mig finna þig.*

3. Allt sem Guð hefur á mig lagt / er mér ljúft að glíma við,
taka í sátt og tefla djarft / og treysta um leið og ég bið:
*Lifandi Guð, lifandi Guð, / láttu mig finna þig.*

Texti: Aðalsteinn Ásberg Sigurðsson
Lag: Sigurður Flosason

# Ljósfaðir




Texti: Aðalsteinn Ásberg Sigurðsson
Lag: Sigurður Flosason

# Færðu mér ljósið

- Bæn -




Texti: Aðalsteinn Ásberg Sigurðsson
Lag: Sigurður Flosason

# Við heyrum Guðs heilaga orð




Texti: Aðalsteinn Ásberg Sigurðsson
Lag: Fintan O´Carroll & Christopher Walker



# Heyr þann boðskap




1. :,: Heyr þann boðskap er boða við megum / bundinn friði og réttlæti´
í heimi:,: / :,: um trú, von og kærleik / Þar er sigur hins góða á jörð. :,:

2. :,: Þetta guðspjall sem gaf okkur Kristur / gefur fátækum nýtt líf og fögnuð.:,: /
:,: og trú, von og kærleik. / Þar er sigur hins góða á jörð. :,:

3. :,: Þetta guðspjall sem gaf okkur Kristur / gefur þrælum og fjötruðum frelsi,:,: /
:,: og trú, von og kærleik. / Þar er sigur hins góða á jörð. :,:

4. :,: Með þeim boðskap sem boða við eigum / boðast líkn hinum þjáðu
og smáðu,:,: / :,: og trú, von og kærleik. / Þar er sigur hins góða á jörð. :,:

Texti: frá S-Ameríku - Kristján Valur Ingólfsson
Lag: frá S-Ameríku

# Hver getur vakað




Texti: Svein Ellingsen - Kristján Valur Ingólfsson
Lag: Trond Kverno

# Kom, lát oss syngja söng




Texti: Carlos Rosas - Kristján Valur Ingólfsson
Lag: Carlos Rosas

# Í svörtum himingeimi




1. Í svörtum himingeimi heiðbjört skín / blá heillastjarna, dýrmæt sköpun þín.
Í okkar forsjá falin er / að fara með á allan hátt til dýrðar þér.
Hallelúja. Hallelúja.

2. Við höfum starfað ökrum hennar á / og okkur bjargir sótt í djúpin blá.
Hún veitir yndi, yl og skjól / og athvarf undir þinni mildu náðarsól.
Hallelúja. Hallelúja.

3. En núna bráðna jöklar, brotnar ís / nú brenna skógar hér í paradís
og eitur þrúgar lög og láð. / Ó ljúfi faðir, gefðu okkur þrek og ráð.
Hallelúja. Hallelúja.

4. Ó, faðir, gefðu okkur vilja´ og vit / að vernda hennar fagra stjörnuglit.
Gefðu´ okkur kærleik, kraft og trú / og kjark að standa vörð um allt sem elskar þú.
Hallelúja. Hallelúja.

Lag: Arngerður María Árnadóttir
Texti: Davíð Þór Jónsson

# Á hverjum degi




Texti & lag: Kristján Kristjánsson (KK)













# Ég veit um himins björtu borg




1. Ég veit um himins björtu borg / í bjarma sólu hærri. /
Þar er ei skuggi, synd né sorg, / hvert sár er grætt og fjærri.

2. Þar er í dýrð Guðs einkason / svo undrahár og blíður. /
Hann er mín huggun, hjálp og von / og hann mér til sín býður.

3. Mig, fátækt barn og förumann, / hann fann og eiga vildi. /
Til föðurlands míns leiðir hann / mitt líf í náð og mildi.

4. Guð faðir, lof ég færi þér, / ég finn í Jesú nafni /
þitt helga ljós í hjarta mér, / þinn himin fyrir stafni.

Texti: Støylen - Sbvb 1991 - Sigurbjörn Einarsson
Lag: Norskt þjóðlag

# Nú hverfur sól í haf




1. Nú hverfur sól í haf / og húmið kemur skjótt. /
Ég lofa góðan Guð, / sem gefur dag og nótt, /
minn vökudag, minn draum og nótt.

2. Þú vakir, faðir vor, / ó, vernda börnin þín, /
svo víð sem veröld er / og vonarstjarna skín, /
ein stjarna hljóð á himni skín.

3. Lát daga nú í nótt / af nýrri von og trú /
í myrkri hels og harms / og hvar sem gleymist þú /
á jörð, sem átt og elskar þú.

4. Kom, nótt, með náð og frið, / kom nær, minn faðir hár, /
og leggðu lyfstein þinn / við lífsins mein og sár, /
allt mannsins böl, hvert brot og sár.

Texti: Sbvb 1991 - Sigurbjörn Einarsson
Lag: Þorkell Sigurbjörnsson
















# Velkomin á kaffihús

KAFFIHÚS í suðursal Hallgrímskirkju á Sálmafossi til styrktar starfi Listvinafélagsins.
Ilmandi vöfflur og gæðakaffi í fallegum antik postulínsbollum Listvinafélagsins ásamt ýmsu öðru góðgæti.
Njótið einstakrar stemmningar í suðursalnum bara í dag!

POP- UP ANTIQUE CAFÉ in the south wing of Hallgrimskirkja during on the Fiest of Hymns at the Cultural Night of Reykjavík. Freshly baked waffles and cakes and coffee served in wonderful antique porcelain cups to support the Friends of the Arts Society of Hallgrímskirkja.

